


Ársskýrsla 2020



Íslenskir staðlar



Arngrímur Blöndahl

©Staðlaráð Íslands

Pórunnartúni 2

105 Reykjavík

Sími: 520 7150

stadlar@stadlar.is

www.stadlar.is

Umsjón og ritstjórn: Helga Sigrún Harðardóttir

Ljósmyndir: Arngrímur Blöndahl, Silla Páls, Dreamstime, myndir í einkaeigu

Umbrot og grafísk vinnsla: Halldór Einarsson

Ársskýrsla Staðlaráðs er eingöngu gefin út rafrænt.

EFNISYFIRLIT

- 4 – Ávarp stjórnarformanns
- 5 – Hugvekja framkvæmdastjóra

- 6 – HLUTVERK OG STJÓRNARHÆTTIR
- 6 – Stefna Staðlaráðs
- 7 – Aðilar að Staðlaráði
- 8 – Stjórnin
- 9 – Mannauður

- 12 – STARFIÐ INNANLANDS
- 12 – Útgáfa
- 12 – Staðfesting staðla
- 13 – Kynningar- og markaðsstarf
- 13 – Sala staðla og annarra gagna
- 13 – Byggingarstaðlaráð
- 14 – Fagstaðlaráð í fiskimálum
- 14 – Fagstaðlaráð í upplýsingatækni
- 14 – Rafstaðlaráð

- 16 – ALÞJÓÐLEGT STARF
- 17 – Evrópustöðlun, CEN, CENELEC, ETSI
- 18 – Alþjóðleg stöðlun, ISO, IEC
- 19 – Norrænt samstarf, Insta og Norek



ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Á tímum farsóttu og eldgosa verðum við að hafa hugfast að stóra verkefnið okkar íbúajarðarinnar er að leysa yfirvofandi loftlagsvá. Staðlaráð leggur sitt af mörkum í þeirri áskorun sem samvinnuvettvangur hagsmunaaðila. Staðlaráð Íslands hefur það lykilhlutverk að tengja saman hagsmunaaðila sem búa saman til virðisaukandi lausnir. Þetta gerir Staðlaráð með því að fóstura og verkefnastýra stöðlunarverkefnum til að leysa áskoranir, ekki síst á sviði sjálfbærni og samfélagsábyrgðar og í anda heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Staðlar skapa virði en leysa þeir loftlagsvá?

Ein helsta áskorun sem Staðlaráð stendur frammi fyrir er að virði og ávinningur staðlanotkunar eru ekki nógu þekkt. Í könnun Menon, Oxford Research og Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands á meðal 1200 norrænna fyrirtækja kom fram að meðal ávinnings við innleiðingu staðla er aukin skilvirkni í virðisæðju, minni áhætta, aukið traust, betri samskipti og bætt hlítning við lög og reglur. Því miður heyrst oft að staðlar dragi úr nýsköpun og þróun en þessari fullyrðingu var hafnað í könnunni. Staðlar eru einnig markvisst notaðir til að styðja við pólitísk áform stjórnvalda og hér er nærtækt að benda á staðalinn ÍST 85 Jafnlaunakerfi. Til þess að draga úr loftlagsváni þarf aðkomu stjórnvalda og samstillt átak á öllum sviðum samfélagsins. Staðlaráð er vettvangur fyrir samtali og samvinnu ólíkra hagsmunaaðila og hefur vottaða ferla sem þarf til að ramma inn samkomulag. Hér má nefna sem dæmi staðla er varða mælingar á losun gróðurhúsalofttegunda og mótþvægisáðgerðir. Staðlar skapa virði og staðlar eru einn þeirra fjölmörgu þátta sem þarf til þess að leysa loftlagsvána.

Góður rekstur

Rekstur Staðlaráðs skilaði jákvæðri niðurstöðu, þrátt fyrir óvissu sem fylgdi heimsfaraldrinum. Á árinu fór ný heimasíða í loftið, ný vefverslun og nýjar þjónustuleiðir. Með þessu er verið að bæta aðgengi að stöðlum og koma betur til móts við þarfir viðskiptavinnanna. Áfram var unnið að því að styrkja ímynd Staðlaráðs og nýtt myndmerki var tekið í notkun. Það byggir á gullsníði talna og er auðvelt að tengja myndmerkið við þann kraft, framsýni og umbætur sem einkennir reksturinn. Fagstaðlaráðin slógu ekki slöku við í stöðlunarverkefnum ársins líkt og fram kemur í skýrslum þeirra.

Fjarfundir stjórnar

Stjórn Staðlaráðs leggur áherslu á stuðning við starfsemina, ráðgjöf og eftirlit með rekstrinum. Meðal verkefna stjórnar var að rýna og samþykkja strategíu Staðlaráðs til 2025 þar sem er að finna vegvísi til framtíðar. Stjórnin fundaði alls 11 sinnum árið 2020, þar af voru níu fjarfundir. Óhætt er að segja að síðasta ár hafi þeytt okkur inn í framtíðina þar sem starfsfólk um gjörvallt land flutti starfsemi sína heim á einni helgi þegar heimsfaraldur Covid 19 barst til landsins. Fundir færðust frá raunheimum í netheima. Öll höfum við dregið mikinn lærdóm af þessum breytingum og er mikilvægt að halda í það sem vel var gert og taka með okkur til framtíðar. Til dæmis hafa fjarfundir ársins sparað stjórnarmönnum Staðlaráðs talsverðan ferðatíma auk þess að draga úr kolefnislosun.

Ég vil þakka aðildarfélagum Staðlaráðs fyrir samstarf á árinu, þeim fjölmörgu sérfræðingum atvinnulífsins sem hafa lagt sitt af mörkum til stöðlunarverkefna, stjórnarfólki fyrir sitt framlag og síðast en ekki síst vil ég þakka starfsfólki Staðlaráðs fyrir vel unnin störf árið 2020.

Kristjana Kjartansdóttir, formaður Staðlaráðs Íslands



HUGVEKJA
FRAMKVÆMDASTJÓRA

Orkuverið Staðlaráð

Árið 2020 var giska undarlegt hjá okkur starfsmönnum Staðlaráðs eins og hjá flestum. Við notuðum hins vegar það logn sem myndaðist við innreið kórónuveirunnar snemma árs, til að vinna nýja stefnu og strategíu fyrir Staðlaráð og til að setja á fulla ferð þróun nýs vefjar og nýrrar vefverslunar. Við það tækifæri skiptum við um kúrs hvað varðar afhendingarmáta staðla til að koma til móts við þarfir viðskiptavina og kröfur um auknið og einfaldara aðgengi. Svigrúmið í ládeyðunni nýttist okkur því vel og við lítum til baka með stolti á þann árangur sem við náðum á árinu.

Í stefnu Staðlaráðs felst áhersla á samvinnu og sjálfbærni. Staðlar eru gríðarlega öflug verkfæri þegar kemur að stjórnun umhverfis- og gæðamála og þeir eru markvisst notaðir af fyrirtækjum, samtökum, sveitarfélögum og heilu þjóðríkjunum og ríkjasamböndum til að ná árangri, m.a. við að ná markmiðum á sviði loftslagsmála.

Verkefni Staðlaráðs eru ærin. Á sama tíma og við veitum þjónustu, upplýsingar og ráðgjöf um staðla og stöðlun erum við virkir þátttakendur í fjölþjóðlegri og alþjóðlegri samvinnu staðlasamtaka sem ná til 95% mannkyns. Þegar við blasa risastórar áskoranir eins og á sviði loftslagsmála er mikilvægt að sýna frumkvæði, vera vel tengdur, virkur og tilbúinn að leggja sín lóð á vogarskálar samvinnu um lausn á þeim. Kolefnisjöfnun, kolefnisbinding, mælingar á útblæstri fyrirtækja, framleiðsla kolefniseininga, rafbílavæðing, hringrásarhagkerfið, endurnýting og endurvinnsla, meðferð úrgangs, nýting jarðhita,

endurýjanlegir orkugjafar, stefnur hins opinbera á sviði loftslagsmála og alþjóðasamningar eins og Parísarsamkomulagið eru allt verkefni sem við stöndum frammi fyrir sem þjóð og þurfum að leysa með samræmdum og virkum hætti. Þar koma staðlar inn sem öflug verkfæri í þeirri glímu.

Á árinu 2020 tókum við í notkun nýtt myndmerki, nýjan vef og nýja vefverslun með stóru auknu aðgengi að stöðlum. Nú afhendum við alla staðla á pdf sniði og flesta samstundis. Við gerðum nýja áskriftarsamninga um aðgengi að staðlasafninu þannig að sérfræðingar hinna ýmsu stofnana, sem t.d. fara með opinbera markaðsgæslu, hafa nú mjög gott aðgengi að stöðlum sem leggja grunn, m.a. að CE merkingum ýmissa vara og tryggja gæði, öryggi, heilsuvernd og neytendavernd en auk þess stuðla staðlar að betri afkomu og auðveldari stjórnun fyrirtækja.

Starfsmenn Staðlaráðs sinna mjög fjölþættum verkefnum. Aðild að fjórum al-, og fjölþjóðlegum staðlasamtökum þar sem gerðar eru til okkar sömu kröfur og til stærstu samtakanna sem hafa á að skipa hundruðum starfsmanna hefur í för með sér ýmsar áskoranir auk þess sem við blasa ýmis krefjandi verkefni á Íslandi. Það má með sanni segja að starfsmannahópurinn sé í raun lítið orkuver sem leggur sitt af mörkum til að tryggja aðgengi að stöðlum og gerð staðla, íslensku atvinnulífi og stjórnkerfi til hagsbóta.

Helga Sigrún Harðardóttir, framkvæmdastjóri Staðlaráðs Íslands



HLUTVERK OG STJÓRNARHÆTTIR

17 SAMVINNA UM
MARKMIÐIN



Staðlaráð Íslands er samstarfsráð þeirra sem hagsmuna hafa að gæta af stöðlum. Umfang og útfærslur staðlastarfs á Íslandi eru skilgreindar í lögum nr. 36/2003, í aðildarkröfum evrópskra og alþjóðlegra staðlasamtaka og í þjónustusamningi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið þar sem meðal annars er kveðið á um að Staðlaráð fari með atkvæði Íslands í evrópusamtökunum CEN, CENELEC og ETSI. Auk þess á ráðið aðild að alþjóðasamtökunum ISO og IEC. Helstu verkefni Staðlaráðs eru að hafa umsjón með staðlagerð á Íslandi, aðhæfa og staðfesta sem íslenska staðla þá staðla sem leiða af aðild að erlendu staðlasamstarfi, greiða fyrir því að íslenskum stöðlum verði beitt í opinberri stjórnsýslu og hjá einkaaðilum, stuðla að því að erlendir staðlar sem gagnast íslensku athafnalífi verði staðfestir sem íslenskir staðlar, starfrækja miðstöð stöðlunarstarfs, gefa út staðlaskrá, veita aðgengi að stöðlum, veita fræðslu og upplýsingar um staðla og veita ýmsa þjónustu á sviðum þar sem staðlar koma við sögu.

Stefna Staðlaráðs

Á árinu 2020 vann starfsfólk Staðlaráðs Íslands gríðarlega gott stefnumótunarstarf sem rýnt var og staðfest af stjórn undir árslok. Stefna ráðsins er að vera framúrskarandi og eftirsóttur samstarfsaðili sem gegnir lykilhlutverki við að tengja saman hagsmunaaðila með

það að markmiði að búa til einfaldar, samhæfðar og virðisaukandi lausnir á flóknum áskorunum og með því stuðla að frábærum árangri fyrirtækja og stofnana á sviði sjálfbærni, gæða, öryggis og afkomu.

Með stefnu sinni leggur Staðlaráð áherslu á hlutverk sitt sem samstarfsvettvangur hagsmunaaðila. Í því felst að fóstora og verkefnastýra stöðlunarverkefnum til að leysa áskoranir, ekki síst á sviði sjálfbærni og samfélagsábyrgðar, í anda heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Það gerum við með aukinni upplýsingagjöf og þjónustu við opinbera aðila og einkafyrirtæki.

Þjónusta Staðlaráðs byggir á þremur meginstólpum; útvegum staðla, verkefnastjórn í innlendu staðlastarfi og upplýsingagjöf- og fræðslu. Þá er Staðlaráð einnig tengiliður við fjölbjóðleg staðlasamtök þar sem sérþekking Íslands nýtist við staðlagerð á heimsvísu.

Í tækninefndum Staðlaráðs starfa okkar bestu og hæfustu sérfræðingar atvinnulífsins á hverju sviði. Þannig eiga bestu viðmið og bestu mögulegu lausnir greiða leið inn í íslenska staðla.

Staðlaráð Íslands starfar eftir vottuðu gæðastjórnunarkerfi skv. ÍST EN ISO 9001:2015.



AÐILAR AÐ STAÐLARÁÐI ÍSLANDS 2020

Aðild að Staðlaráði eiga ríflega 80 fyrirtæki og stofnanir sem mörg hver taka virkan þátt í starfi Staðlaráðs og veita ríkulega inn í íslenskt staðlastarf. Starfrækt eru fjögur fagstaðlaráð; Byggingarstaðlaráð, Fagstaðlaráð í fiskitækni, Fagstaðlaráð í upplýsingatækni og Rafstaðlaráð.

Advania	Landsnet	Reykjavíkurborg
Alcoa Fjarðaál	Landspítalinn-Háskólasjúkrahús	Ríkiskaup
Arion banki	Landsvirkjun	Samband íslenskra sveitarfélaga
Arkitektafélag Íslands	Límtré Vírnet	Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	Lota	Samtök atvinnulífsins
Auðkenni	Mannvit	Samtök fjármálafyrirtækja
Ábyrgar fiskveiðar	Marel	Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi
Byggingafélagið Hamar	Markus Lifenet	Samtök iðnaðarins
Byggingafræðingafélag Íslands	Mennta- og menningarmálaráðun.	SART - Samtök rafverktaka
Efla	Míla	Seðlabanki Íslands
ELKEM Ísland	Netorka	Síminn
Festa, miðstöð um samfélagsábyrgð	Neytendasamtökin	Skipulagsstofnun
Félagsmálaráðuneytið	Neytendastofa	Steinsteypufélag Íslands
Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Norðurorka	Stofnun Árna Magnússonar
Forsætisráðuneytið	Origo	Sæplast Iceland
Framkvæmdasýsla ríkisins	Orka náttúrunnar	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Gagnaveita Reykjavíkur	Orkufjarskipti	Útanríkisráðuneytið
Greiðsluveitan	Orkusalan	Vegagerðin
Hagar	Orkuveita Reykjavíkur	Verkfræðingafélag Íslands
Hagstofa Íslands	Orkuvirki	Verkhönnun
HS Orka	Póst- og fjarskiptastofnun	Verkís
HS Veitur	Rafiðnaðarsamband Íslands	Versa vottun
Húsmiðjan	Rafmennt	Vinnueftirlit ríkisins
Húsnæðis- og mannvirkjastofnun	Raftákn	Þjóðskrá Íslands
ICEPRO	Rarik	Þorbjörn
IÐAN fræðslusetur	Ráður	Össur
Íslandsbanki	Reiknistofa bankanna	
Landsbankinn	Reiknistofnun Háskólans	



STJÓRN 2020-2021

Stjórn Staðlaráðs hefur ekki hist nema á netfundum síðan í upphafi árs 2020. Myndin sem fylgir hér með er því dæmigerð fyrir stjórnarfundum Staðlaráðs á árinu.

Stjórn Staðlaráðs 2020-2021 skipuðu:

Kristjana Kjartansdóttir, formaður,
Andri Sveinsson, varaformaður,
Emil Sigursveinsson,
Finnur Garðarsson,
Gyða Björg Sigurðardóttir,
Jón Sigurjónsson,
Pétur Reimarsson,
Sigurður Másson,
Þorvarður Kári Ólafsson

Varamenn í stjórn:

Ágúst Valgeirsson og
Sigurbjörg Sæmundsdóttir



MANNAUÐUR STAÐLARÁÐS Í ÁRSLOK 2020

Staðlaráð hafði á að skipa átta starfsmönnum í árslok 2020 sem margir eiga langan starfsaldur hjá ráðinu. Þar sem starfsemin teygir sig um allt atvinnulífið, inn í stjórnsýsluna og inn í daglegt líf okkar allra eru verkefnið margbreytileg. Vegna þess hafa allir starfsmenn fjölþætt hlutverk og margt á sinni könnu. Kynjahlutfallið er jafnt, fjórir karlar og fjórar konur.



Helga Sigrún Harðardóttir framkvæmdastjóri Staðlaráðs gengur á fjöll og umfirnið þegar færi gefast. Á vörðum gekk hún m.a. upp að gosinu á heimaslóðum sínum á Reykjaneskaganum eins og fjölmargir aðrir.

Arngrímur Blöndahl er gæðastjóri Staðlaráðs og ritari Byggingarstaðlaráðs, svo eitthvað sé nefnt. Auk þess hefur hann af samstarfsfólki sínu verið útnefndur sérstakur hirðljósmyndari ráðsins enda virkilega lunkinn ljósmyndari. Hann er raunar forfallinn útivistargarpur og sést hér í sínu náttúrulega umhverfi með myndvélina að vopni.



Anna Þóra Bragadóttir er bókari Staðlaráðs og hefur um langt árabíl, brosandí sinnt þjónustu við viðskiptavinum í gegnum síma. Dóttir Önnu, Eygló Lilja tók þessa fínu mynd af henni við Kvernufoss á Suðurlandi í fjölskylduferð fyrir skemmstu. Anna Þóra á það til að baka vöfflur handa samstarfsfólki sínu, því til mikillar ánægju.

Arnhildur Arnaldsdóttir er sú sem á lengstan starfsaldur hjá Staðlaráði. Hún heldur styrkri hendi utan um formlega staðfestingu staðla, auglýsingu þeirra og hefur Staðlaskrá á sinni könnu einnig. Hér er hún á góðri stundu, rétt ófarin á Rolling Stones tónleika í Edinborg í Skotlandi. Hún á eina þrettán slíka að baki.





Guðmundur Valsson er ritari Fagstaðlaráðs í upplýsingatækni og Rafstaðlaráðs. Hér er hann baðaður ljósi sem annars er notað til að framleiða þörunga hjá VAXA á Hellisheiði en starfsmönnum Staðlaráðs var nýverið boðið að skoða þau undur og stórmerki. Guðmundur er hestamaður og annálaður söngvari utan vinnu sinnar.

Haukur Logi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindafræðingur gekk til liðs við Staðlaráð síðla árs 2020. Hans ráðning lækkaði meðalaldur starfsmanna talsvert. Haukur Logi sinnti verkefnastjórn yfir vinnustofu um ábyrga kolefnisjöfnun á árinu 2020 og mun halda utan um verkefnisstjórn á framhaldi þess verkefnis. Þá hefur hann talsverða reynslu af rekstri kynningarverkefna og ímyndarherferða úr fyrrum starfi sínu fyrir Rauða krossinn. Staðlaráð nýtur góðs af því.



Hjörtur Hjartarson, kynningar- og markaðsstjóri Staðlaráðs hefur haldið utan um námskeiðahald, vefmál og fréttabréfaútgáfu.

Kristbjörg Richter er andlit Staðlaráðs í mótökunni og konan í símanum og tölvupóstinum sem veitir viðskiptavinum okkar ráðgjöf og upplýsingar alla daga. Hún er mikil fjölskyldumanneskja og ákaflega snjöll handavinnukona. Börn hennar og barnabörn njóta þess á hverjum degi. Hér er hún á góðviðrisdegi að njóta lífsins.





STARFIÐ INNANLANDS

Stöðlunarstarf

Síðla árs 2020 tóku Staðlaráð og Loftslagsráð sig saman um að halda vinnustofu um ábyrga kolefnisjöfnun. Þátt tóku 50 manns frá 32 fyrirtækjum, samtökum og stofnunum auk ríkisins. Tilgangur vinnustofunnar var að ná fram skýrari heildarmynd af áskorunum, hindrunum, möguleikum og lausnum á sviði ábyrgðar kolefnisjöfnunar hér á landi. Þá var einnig stefnt að því að ná fram sameiginlegum skilningi á stöðunni og sammæli um traust og gagnsætt kerfi kolefnisjöfnunar þar sem rekjanleiki og ábyrgð væru lykilatriði. Vinnustofan var haldin á fyrsta ársfjórðungi 2021 og leiddi til ákvörðunar um áframhaldandi vinnu um skilgreiningu slíks kerfis.

Staðlaráð tók á árinu, ásamt fleirum íslenskum aðilum, þátt í þróun þýðingarvélar sem vonir standa til að geti auðveldað þýðingar á stöðlum, leiðbeiningum og ýmsu kynningarefni, ekki síst m.t.t. gæða og hraða. Gert er ráð fyrir að þýðingarvélin verði komin í gagnið síðar á árinu 2021.

Útgáfa

Ef frá er talin reglubundin útgáfa íslenskra staðla og annarra stöðlunarskjala frá CEN, CENELEC og ETSI, þá voru eftirtaldir staðlar og stöðlunarskjöl gefin út á vegum Staðlaráðs á árinu:

ÍST HB 200:2020 Raflagnir bygginga - Handbók

ÍST TR 238:2020 Innleiðing EN 16931 og TS 236 -Greining og áætlunargerð á Íslandi - 1. útgáfa

ÍST TR 238:2020 Innleiðing EN 16931 og TS 236 -Greining og áætlunargerð á Íslandi - 2. útgáfa

ÍST WA 310:2020 Vinnustofusamykktt - Innendar greiðslur og innlán

ÍST ISO 45001:2018 (Íslensk þýðing) Stjórnunarkerfi um heilbrigði og öryggi á vinnustað - Kröfur ásamt leiðsögn um notkun

ÍST INSTA/TR 951:2019 Fire Safety Engineering - Guide for Probabilistic Analysis for Verifying Fire Safety - Design in Buildings

ÍST INSTA/TS 952:2019 Fire Safety Engineering - Review and Control in the Building Process

ÍST INSTA 1010:2019 Hygienic design of machinery for processing meat and seafood

Staðlaráð, í samstarfi við evrópsk staðlasamtök gerði aðgengilegar fjölmargar staðlaraðir sem tengjast kröfum til ýmissa vara sem tengjast baráttunni við heimsfaraldur kórónuveirunnar. Þannig voru gerðir aðgengilegir staðlar sem varða öndunarvélar og ýmis önnur tæki, persónuhlífar af ýmsu tagi og ýmsar vörur s.s. strokpinna, til að auðvelda framleiðslu og dreifingu slíkra vara á ögurstundu.

Fagstaðlaráð skila sérstökum skýrslum um starfsemi sína þar sem nánar er greint frá útgáfuverkefnum.

Staðfesting staðla

Staðfestingarnefnd starfar á vegum stjórnar og sér um að staðfesta staðla. Í nefndinni situr stjórnarmaður Staðlaráðs Þorvarður Kári Ólafsson og tilnefndur fulltrúi frá umhverfis- auðlindaráðuneyti, Hafsteinn Pálsson. Varamaður er Emil Sigursveinsson annar stjórnarmaður Staðlaráðs.

Á árinu voru staðfestir 1899 íslenskir staðlar og 1278 staðlar voru felldir úr gildi. Frumvörp auglýst til umsagnar voru 2641 talsins. Í lok ársins 2020 voru 29650 staðlar í gildi á Íslandi sem skiptast í eftirtalda flokka:

CEN og CENELEC stöðlunarskjöl = 14468

CEN og CENELEC stöðlunarskjöl sem tengjst ISO og IEC = 11651
ETSI = 3376

Annað = 155 *Hér er um að ræða séríslenska staðla og aðra staðla sem ekki eiga rætur til evrópusamtakanna CEN og CENELEC.*

Þá er Staðlaráð Íslands beintengt gagnagrunnum ISO og IEC sem bjóða upp á tugi þúsunda staðla til viðbótar svo heildarframboð staðla í vefverslun Staðlaráðs fer að nálgast 60.000. Það ættu því allir að finna eitthvað við sitt hæfi.

Kynningar- og markaðsstarf

Kynningar- og markaðsstarf Staðlaráðs fer nú eingöngu fram rafrænt. Tekin var í notkun ný heimasíða og ný vefverslun í desember 2020. Með því var aðgengi að upplýsingum og stöðlum bætt verulega þar sem staðlar eru nú afhentir á pdf sniði eingöngu.

Rafrænt fréttabréf Staðlaráðs var gefið út í þrjúgang á árinu, í október, nóvember og desember. Staðlaráð starfrækir einnig Facebooksíðu þar sem sagt er frá áhugaverðum stöðlunarverkefnum, tilgangi staðla og tengslum staðla við daglegt líf okkar svo eitthvað sé nefnt. Þá gerðum við myndband um hlutverk millistjórnenda í gæðastjórnunarkerfum sem gefið var út í árslok. Því er ætlað að auðvelda rekstur slíkra kerfa með því að draga fram sérstaklega hlutverk millistjórnenda í rekstri slíkra kerfa. Stefnt er að því að auka gerð slíks efnis til að auðvelda notkun staðla.

Starfsfólk Staðlaráðs tekur þátt í ráðstefnum eftir efnum og aðstaðum og heldur erindi og kynningar á margvíslegum vettvangi, svo sem fyrir faghópa og nemendur í skólum.

Vegna heimsfaraldursins lá námskeiðahald niðri að mestu framan af ári. Á haustmánuðum var hins vegar tekið til við rafrænt námskeiðahald. Haldin voru fimm námskeið á árinu, um jafnlaunastaðalinn ÍST 85, vernd persónuupplýsinga skv. ISO/IEC 27701, CE merkingu véla, innri úttektir með hliðsjón af ÍST EN ISO 19011 og neyðarlýsingarkerfi.

Staðlaráð hefur leitast við að útbreiða og auðvelda notkun staðla með nýjum samningum um aðgengi að staðlasafninu við háskóla, opinbera aðila sem fara með markaðsgæslu á ýmsum vörum og samtök í ýmsum atvinnugreinum.

Fagstaðlaráð skila sérstökum skýrslum um starfsemi sína þar sem nánar er greint frá kynningarverkefnum og viðburðum.

Sala staðla og annarra gagna
Af einstökum gögnum voru þessi söluhæst, miðað við fjölda eintaka:

ÍST 85:2012 *Jafnlaunakerfi – Kröfur og leiðbeiningar, opið aðgengi, kostað af stjórnvöldum.*

ÍST 30: 2012 *Almennir útboðs- og samningskilmálar um verkfræmdir*

ÍST 51:2001 *Byggingarstig húsa*

ÍST 35:2018 *Samningskilmálar um hönnun og ráðgjöf*

ÍST ISO IEC 27001:2017 *Upplýsingatækni – Öryggisáðferðir – Stjórnunarkerfi um upplýsingaöryggi – Kröfur*

ÍST 45:2016 *Hljóðvist-Flokkun íbúðar- og atvinnuhúsnæðis*

ÍST ISO 45001:2018 *Stjórnunarkerfi um heilbrigði og öryggi á vinnustað – Kröfur ásamt leiðsögn um notkun*

ÍST EN ISO 9001:2015 *Gæðastjórnunarkerfi – Kröfur*

Þá var talsverð eftirspurn eftir einstökum evrópustöðlum sem m.a. varða CE merkingar.

Fjöldi nemenda í raflönum var veittur aðgangur að ÍST HB 200:2020, þeim að kostnaðarlausu, samkvæmt samningi Staðlaráðs og Rafmenntar. Þá hafa félagar í Samtökum rafverktaka (SART) nú einnig aðgang að helstu stöðlum skv. samningi þar um.

Byggingarstaðlaráð (BSTR)

Byggingarstaðlaráð vann að margbreytilegum verkefnum á árinu. Hluti verkefnanna var unninn í íslenskum vinnuhópum og hluti í samstarfi við Norðurlöndin. Mikilvægt er að viðhalda og endurskoða gildandi séríslenska staðla og huga að nýjum verkefnum samhliða vinnu að verkefnum sem þegar eru í vinnslu. Byggingarstaðlaráð fylgist einnig með stöðlum á Evrópuvettvangi. Þegar slík stöðlun varðar íslenska hagsmuni leitast Byggingarstaðlaráð við að upplýsa þá hér á landi sem kunna að eiga hagsmuna að gæta. Talsverð vinna hefur farið í undirbúning á endurskoðun þolhönnunarstaðla og þjóðarviðauka á árinu og búast má við að það verði helsta verkefni ráðsins á næstu árum. Dagleg upplýsingagjöf til viðskiptavina Staðlaráðs er einnig talsverður þáttur í starfseminni. Samstarf við fagráðuneyti er staðlastarfi mikilvægt og hefur því verið fram haldið eftir breytta skipan á málaflokknum í stjórnarráðinu 2019 þegar félagsmálaráðuneytið tók við málaflokknum af umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

Stjórn Byggingarstaðlaráðs skipa:

Jón Sigurjónsson, formaður, Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Baldvin Einarsson, Eflu, verkfræðistofu
Egill Viðarsson, Verkís
Hafsteinn Pálsson, Umhverfisráðuneyti

Meðal þeirra stöðlunarverkefna sem unnin voru á vettvangi ráðsins á árinu 2020 eru; endurskoðun á ÍST 51 um byggingarstig húsa og staðallinn aðlagður að breytingum sem hafa orðið í framkvæmd við byggingu mannvirkja. Hann tekur gildi á árinu 2021. Endurskoðun var einnig hafin á evrópsku þolhönnunarstöðlunum, Eurocodes, sem leiðir af sér endurskoðun á íslenskum þjóðarviðaukum. Sérfræðingar ýmissa fyrirtækja og stofnana taka þátt í verkefninu og þar hafa verið haldnir fjölmargir fundir. Norðurlöndin hafa sérstaklega sammælt um að samræma ákvæði þjóðarviðauka þar sem því verður við komið. Félagsmálaráðuneytið er styrktaraðili verkefnisins þar sem um er að ræða mikilvæg gögn sem varða alla þolhönnun mannvirkja á Íslandi.

Vinnuhópur Byggingarstaðlaráðs um gerð staðals um lágorkuhús tók til starfa á árinu. Markmið þeirrar vinnu er að leggja mat á raunhæfar og hagkvæmar leiðir til að setja fram kröfur sem nota má til að flokka hús í mismunandi flokka, þ.m.t. flokk húsa sem hafa hagkvæmari orkubúskap en viðmiðunarkröfur Byggingarreglugerðar segir til um.

Á árinu var unnið að frumvörpum ÍST 52 um skráningu á fjölda herbergja í íbúðum og ÍST 53 um skráningu hæða og hæðar á byggingum. Í auglýsingaferli komu fram athugasemdir sem eru til skoðunar. Í vinnslu eru ÍST INSTA 142 um norrænar reglur fyrir útlitsstyrkflokkun á timbri í burðarvirki og frumvarp ÍST INSTA 2072 um plastpípur.

Til skoðunar eru þó nokkur fleiri stöðlunarverkefni, s.s. endurskoðun á ÍST 66 um varmatap húsa, gerð nýrra staðla um stiga í byggingum og endingarhönnun steinsteypu svo eitthvað sé nefnt.

Þá voru haldnir fræðslufundir þar sem m.a. var fjallað um framkvæmdir Vegagerðarinnar á árinu 2020.

Fagstaðlaráð í fiskimálum (FIF)

Starf FIF hefur þann tilgang að taka þátt í starfi alþjóðlegrar tækninefndar, ISO/TC 234 og gæta hagsmuna íslensks sjávarútvegs og fiskeldis í því staðlastarfi.

Aðild að FIF eiga fimm aðilar.
Framkvæmdaráð FIF skipa:

Finnur Garðarsson, Ábyrgar fiskveiðar ses, formaður
Ásta Einarsdóttir, atvinnuvega og nýsköpunarráðuneyti,
Björn Margeirsson, Sæplasti Íceland
Hildur Hauksdóttir, Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi,
Kristján Þórarinnsson, Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi

Starf FIF á liðnu ári hefur verið með hefðbundnu sniði en það varðar eingöngu þátttöku í tækninefnd ISO/TC 234. Hildur Hauksdóttir, fulltrúi Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi hefur fyrir hönd ráðsins tekið virkan þátt í vinnuhópi um nýlegt verkefni á vegum nefndarinnar þar sem unnið er að nýjum staðli um meðferð úrgangs um borð í fiskiskipum (e. Waste reduction and treatment on board fishing vessels).

Fagstaðlaráð í upplýsingatækni (FUT)

Frá síðasta vorkundi á árinu 2020 hefur framkvæmdaráð FUT haldið 4 fundi og einn fund með formönnum tækninefnda.

Aðilar FUT eru 29 talsins og á vegum FUT störfuðu á tímabilinu 5 tækninefndir að 9 útgáfuverkefnum sem enn eru í vinnslu, 2 eru í undirbúningi og eitt verkefni er á hugmyndastigi. Lokið var við 3 verkefni.

Framkvæmdaráð FUT skipa:

Þorvarður Kári Ólafsson, Þjóðskrá Íslands, formaður
Ágúst Valgeirsson, Advania, varaformaður
Ástríður Elín Jónsdóttir, fjármálaráðuneytinu
Fjola María Ágústsdóttir, Samtökum sveitarfélaga, aðalmaður
Jóhann Þorvarðarson, Landsbankanum, aðalmaður
Helgi Friðmar Halldórsson, Reiknistofu bankanna, varamaður
Jóhannes Eyfjörð, Samtökum iðnaðarins, varamaður
Tugir sérfræðinga úr atvinnulífi og stjórnsýslu koma að verkefnum FUT. Þátttakendur leggja mikinn metnað í að ná sammæli um

bestu aðferðir hverju sinni. Þá hefur talsverð gróska orðið í kjölfar breytinga á starfsreglum Staðlaráðs um útgáfu tækniskýrsla (TR) og vinnustofusamþykkt (WA).

TN-FMP, tækninefnd um fjármálaþjónustu, gaf út ÍST WA 310:2020 Vinnustofusamþykkt – Innlendir greiðslur og innlán og í ársbyrjun 2021 voru gefnar út ÍST TS 311:2021 Tækniforskrift - Yfirlit debet og kreditkorta, ÍST TS 312:2021 Tækniforskrift - Gengi gjaldmiðla og ÍST TS 313:2021 Tækniforskrift - Erlendar greiðslur. Stöðlunarskjölunum fylgir s.k. yam1 skjal sem er unnið á GitHub og auðveldar upptöku tækniforskriftanna til mikilla muna.

TN-GRV, tækninefnd um grunngerð rafrænna viðskipta, vann að innleiðingu ÍST EN 16931:2017 og TS 236:2018 ásamt fjölmörgum hagsmunaaðilum. Verkefnið var styrkt af Evrópusambandinu. Verkefnið skilaði mikilli grósku í starfssemi TN-GRV á árinu og hefur stuðlað að upptöku TS 236:2018 á Íslandi. Í verkefninu var sett upp sannreyingartöl fyrir rafræna reikninga á vef FUT auk tvöfaldrar útgáfu tækniskýrslu um málið. TN-GRV vinnur einnig að áhugaverðu verkefni við að rita tækniforskriftir fyrir verslunargeirann, svokallað EDI2xml verkefni en markmiðið er upptaka xml skeyta í stað EDI í þessum gamalgróna geira.

TN-UPV, tækninefnd um upplýsingaöryggi og persónuvernd hefur unnið að þýðingu á staðli ISO/IEC 27701:2019 um persónuvernd. Hann verður kærkomin viðbót í safn ISO 27000 staðlanna sem þegar hafa verið þýddir.

TN-TÞJ, tækninefnd um traustþjónustu hóf endurskoðun á nýútkomnum staðli ÍST 146:2019 - Innihald almenna rafrænna skilríkja, eftir að erlend úttekt á sviðinu leiddi í ljós heppilegri framsetningu krafna staðalsins.

TN-IoT, tækninefnd um hlutanet vann að gerð leiðbeininga um öryggi tækjanotkunar á hlutaneti, eins og ákveðið hafði verið á vinnustofu sem nefndin hélt 2019. Áætlað er að þær komi út á árinu 2021.

TN-GRV og TN-FMP eru að þróa notkun „open source“ á GitHub vettvangi FUT til að rita og viðhalda ferlum og stöðskjöllum fyrir útgefin stöðlunarskjöl með það í huga að fylgja hraðri erlendri og innlendri þróun stöðskjala. Dæmi um þetta eru tengsl skjala TN-FMP við Berlin group samstarfið og tengsl TN-GRV við þróun Evrópustaðalsins EN 16931:2017 ásamt stöðskjöllum og Peppol samstarfið. Þessi þróun verður viðvarandi á meðan Evrópureglur á þessum sviðum eru að seytla inn í kerfin.

Erlent starf var hefðbundið á árinu, skugganefndir fylgjast með störfum nokkurra nefnda og ritari ráðsins fylgist með störfum ISO IEC JTC1 með þátttöku á Plenary fundum sem að þessu sinni voru í jarfundir.

Rafstaðlaráð (RST)

Rafstaðlaráð vann að fjölbreyttum verkefnum á árinu 2020 í nokkrum tækninefndum auk þess að halda fræðslufund um innviðaupbyggingu vegna náttúruvár – Raforku og fjarskipti. Þá tók ráðið þátt í störfum fjölþjóðlegra rafstaðlasamtaka og tækninefnda en ritari tekur þátt á vettvangi IEC og Norek, norrænum samráðshópi.

Framkvæmdaráð Rafstaðlaráðs skipa:

Emil Sigursveinsson, Verkís, formaður
Einar Falur Zoega Sigurðsson, Landsneti
Svanur Baldursson, Mílu
Eypór Kári Eðvaldsson, RARIK
Fjalarr Gíslason, Veitum

Rafstaðlaráð gaf ÍST HB 200:2020 – Raflagnir bygginga út í upphafi árs 2020. Handbókin leysir Staðalvísinn frá 2010 af hólmi og byggir á staðlaröðinni ÍST HD 60364. Rafstaðlaráð hefur veg og vanda af þýðingu staðlaraðarinnar skv. samningi við Staðlaráð og mun viðhalda þeirri röð í þýddri rafrænni handbók sem verður í stöðugri uppfærslu. Þar sem hún úreldist hratt og vegna stöðugrar endurnýjunar hennar er aðgengi að henni selt í áskrift til að tryggja að notendur hafi alltaf aðgang að nýjustu uppfærslum. Nú þegar hafa hundruðir nemenda og rafverktaka innan SART fengið aðgengi að hinni nýju handbók.

Rafstaðlaráð vann í níu mismunandi tækninefndum og vinnuhópum á árinu 2020. Þær voru;

-stýrihópur um samstarf við Fræðsluskrifstofu rafíðnaðarins þar sem samstarf var um rafræna dreifingu ÍST HB 200 til nema og kennara auk þess sem þýdd var og gefin út önnur handbók ÍST HB 211- Spennujöfnun raflagna í iðnaði.

-tækninefnd um innviði og tengistaði rafbíla þar sem hafinn var undirbúningur að því að greina þörf á stöðlunarskjölum og fylgjast með og miðla stöðu staðlastarfs hjá alþjóðlegum staðlastofnunum um rafbíla og rafbílavæðingu.

-tækninefnd um raf- og fjarskiptalagnir fyrir íbúðarhúsnæði þar sem hafin er endurskoðun á ÍST 150

-skugganefnd TC11 um raflagnir bygginga vegna öryggis raflagna fyrir neysluveitur -vinnustofu um landtengingar skipa sem hélt fjölsóttu vinnustofu þar sem stofnaður var vinnuhópur til að skrifa vinnustofusamþykkt um stöðlunarverkefni á sviðinu.

-undirbúning vinnustofu um snjallborg og staðla.

-vinnuhóp um orðalista ÍST HB 200.

-stýrihópi um útgáfu ÍST HB 200.



EVROÐU- STÖÐLUN

Þátttaka í evrópsku staðlastarfi er veigamesti hlutinn af verkefnum Staðlaráðs. Með aðild að evrópsku staðlasamtökunum CEN (e. European Committee for Standardization) CENELEC (e. European Committee for Electrotechnical Standardization) og aukaaðild að ETSI (e. The European Telecommunication Standards Institute) er Staðlaráð skuldbundið til að gera Evrópustaðla (EN) að íslenskum stöðlum og auglýsa frumvörp og nýja staðla samkvæmt reglum samtakanna. Auglýsingarnar eru birtar í Staðlatíðindum sem eru öllum aðgengileg á heimasíðu Staðlaráðs, www.stadlar.is.



Um 320 tækninefndir störfuðu á vegum CEN í lok árs 2020. Heildarfjöldi gildra staðla og annarra stöðlunarskjala frá CEN var 17627. Þar af voru 1150 gefin út 2020. Staðlaráð er ekki í stakk búið til að fylgjast með öllum verkefnum á vegum CEN. Á sviðum þar sem íslenskir faghópar eru starfandi er fylgst með verkefnum sem mest þykja snerta íslenska hagsmuni og virk þátttaka er fyrst og fremst á sviðum byggingariðnaðar og upplýsingatækni. Einnig er fylgst með störfum nokkurra nefnda CEN af einstökum aðilum sem eiga hagsmuna að gæta. Með þessu er verið að halda uppi lágmarks hagsmunagæslu með sem minnstum tilkostnaði. Starfsmenn Staðlaráðs sátu rafrænan aðalfund og fundi í framkvæmdastjórn og tækniráði CEN til að gæta heildarhagsmuna Íslendinga.

Árið 2020 voru yfir 300 tækninefndir og vinnuhópar starfandi á vegum CENELEC. Fjöldi gildra staðla og annarra stöðlunarskjala frá CENELEC var í árslok 7493 en 454 nýir staðlar voru gefnir út á árinu. Staðlaráð, í samvinnu við Rafstaðlaráð, gætir íslenskra hagsmuna á raftæknisviðinu. Aðilar innan Rafstaðlaráðs fylgjast sérstaklega með störfum u.þ.b. þrjátíu nefnda CENELEC og fá send nefndagögn þeirra. Starfsmaður Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar situr í tækninefnd CENELEC um raflagnir bygginga (TC 64) fyrir hönd Staðlaráðs. Þá tekur starfsmaður Staðlaráðs þátt í vinnuhópum á vegum CENELEC eftir því sem tilefni gefst til. Starfsmenn Staðlaráðs sóttu rafræna fundi hjá tækniráði CENELEC, sem og aðalfund samtakanna.

Staðlafrumvörp frá fjarskiptastaðlasamtökunum ETSI eru auglýst til umsagnar jafnóðum og þau berast og Evrópustaðlar frá ETSI eru staðfestir sem íslenskir staðlar. Að öðru leyti tekur Staðlaráð ekki þátt í störfum ETSI. Í árslok 2020 var fjöldi gildra íslenskra staðla frá ETSI um 3400.



ALÞJÓÐLEG- STÖÐLUN



Aðild Staðlaráðs að Alþjóðlegu staðlasamtökunum ISO (e. International Organization for Standardization) felur ekki í sér skuldbindingu um að ISO-staðlar séu gerðir að íslenskum stöðlum. Af þeim sökum og vegna takmarkaðra starfskrafta og fjárráða tekur Staðlaráð lítinn þátt í tækninefndum ISO. Fagstaðlaráð í fiskimálum, FIF, tekur þó virkan þátt í tækninefnd ISO á sviði fiskveiða og fiskeldis. Tveir af aðilum Staðlaráðs, Markus Lifenet ehf og Össur hf, eru einnig virkir í störfum tækninefnda ISO, hvor á sínu sviði. Framkvæmdastjóri Staðlaráðs sækir jafnan aðalfund ISO.

Aðildarlönd ISO voru 165 talsins í lok ársins. Á vegum samtakanna störfuðu 3696 tækninefndir með fjölmörgum undirnefndum og vinnuhópum. Fjöldi ISO-staðla og stöðlunarskjala var 23765, þar af voru 1627 gefin út árið 2020.



Staðlaráð Íslands er aukaaðili að Alþjóða raftækniráðinu IEC (e. International Electrotechnical Commission) og sóttu tveir starfsmenn Staðlaráðs rafrænan aðalfund þess. Aukaaðilum er heimil takmörkuð þátttaka í störfum tækninefnda samtakanna og er Staðlaráð skráð sem þátttakandi í einni nefnd. Samkvæmt sérstöku samkomulagi IEC og CENELEC eru fjölmargir IEC-staðlar gefnir út samtímis sem Evrópustaðlar og eru því gerðir að íslenskum stöðlum.

Aðildarlönd IEC eru samtals 89. Að auki eru 84 þróunarlönd nokkurs konar áheyrnar aðilar. Árið 2020 störfuðu 211 tækninefndir og undirnefndir á vegur IEC auk tæplega 1600 vinnuhópa af ýmsu tagi. Heildarfjöldi útgefinna IEC-staðla og annarra stöðlunarskjala var 10992 í árslok, þar af voru 775 gefin út á árinu 2020.



NORRÆNT SAMSTARF INSTA OG NOREK

Staðlastofnanir Norðurlandanna hafa með sér töluvert samstarf sem felst að mestu í gagnkvæmri upplýsingagjöf og samræmingu afstöðu til ýmissa mála innan evrópsku og alþjóðlegu staðlasamtakanna, eftir því sem tilefni er til. Samstarf norrænu rafstaðlastofnananna kallast NOREK en almennu staðlastofnananna INSTA. Að undanfögnu hefur norræna samstarfið verið víkkað út og staðlasamtök Austurríkis og Hollands slegist

í hópinn til að styrkja enn frekar stöðu smærri þjóða í Evrópusamstarfinu. Framkvæmdastjórar þessara staðlasamtaka funda fjórum til fimm sinnum á ári, ýmist á símafundum eða í tengslum við aðra viðburði, svo sem aðalfundi CEN, CENELEC, ISO og IEC. Íslendingar hafa oftast en ekki notið góðs af samstarfinu þar sem ýmsar lausnir sem unnar hafa verið hjá nágrönnum okkar hafa nýst sem fyriryndir hérlendis.



Íslenskir staðlar